

2024-05-21

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóður bankamanna

Tillögur til breytinga á samþykktum Lífeyrissjóðs bankamanna vegna tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins

Við tryggingafræðilega athugun Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna við lok árs 2023 kom í ljós að skuldbindingar deildarinnar voru umfram eignir, sem nam 10,3% af skuldbindingum.

Sú staða er utan leyfðra vikmarka 2. mgr. 39. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997.

Meðfylgjandi skjal sýnir áhrif þess að lækka áunnin réttindi í lok árs um 12%. Tryggingafræðileg staða hefði miðað við að slík breyting hefði tekið gildi um áramót verið -1,9%, og áfallin staða -3,0%.

Er það tillaga mín til stjórnar að þessi kostur verði valinn, sem ætti að tryggja sjóðnum viðunandi stöðu eftir breytingu.

Virðingarfyllst,
TBG ehf.

Bjarni Guðmundsson